

Reykjavík 31. október 2024

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja

Samtök ferðapjónustunnar – SAF hafa tekið til umsagnar ofangreint mál. Málið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. og skiluðu samtökin inn umsögn um málið sem má lesa hér. Frumvarpið er nú lagt fyrir Alþingi, með breytingum, og hafa samtökin farið yfir frumvarpið og vilja koma eftirfarandi ábendingum og tillögum að breytingum á framfæri.

Tillögur Samtaka ferðapjónustunnar

Samtökin óska eftir að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis geri eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. gr.

Í stað 1.340 kr. í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins kemur 670 kr.

Útskýring:

- Á meðan ekki liggur fyrir raun akstur á bílaleigubílum þá skal miða við 670 kr. Fjárhæðin skal endurskoða 1. september 2025 og ný fjárhæð taka gildi frá 1. janúar 2026 eftir að raun gögn um ekna km liggur fyrir. Allar síðari breytingar á gjaldinu skuli settar með minnst tveggja ára fyrirvara.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 12. gr. ber ekki að greiða kílómetragjald vegna ekinna km á bílaleigubíl sem afhent er á árinu 2025 eða síðar enda sé leigusamningur kominn á fyrir 1. janúar 2025

Útskýring:

- Leigjendur bílaleigubíla sem nú þegar hafa greitt fyrir vöruna eiga ekki að þurfa að greiða hærrí fjárhæð eftir á þó það sé lagður á nýr skattur af hálfu stjórnvalda. Fyrirmynd þessa ákvæðis er tekin úr 5. gr. laga nr. 102/2023.

3. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölulið VI. ákvæði til bráðabirgða

- a. Í stað 40% í 6. töluliðs kemur: 0%
- b. Við 6. tölulið bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurskoðun afsláttar mun eiga sér stað árið 2026 sem gert er ráð fyrir að gildi fyrir árin 2028, 2029 og 2030.

Útskýring.

- Hreinorkuhópþifreiðar eru dýr fjárfesting og ekki er fyrirsjáanlegt að það breytist næstu 5-10 ár. Mikilvægt er að hvetja til fjárfestinga á þessum ökutækjum og mikilvægt að upphæð kílómetragjalds eða fjöldi ára sem afsláttur nær til hindri ekki þá þróun.

Íslensk ferðaþjónusta er í alþjóðlegri samkeppni og fyrirvari skatta og gjalda

- Íslensk ferðaþjónusta starfar í alþjóðlegri samkeppni. Þegar ákvörðun um ferðalag er tekin og verð á áfangastaðnum eru könnuð þá skoða ferðamenn helst kostnað á þremur þáttum; flugi, hóteli og bílaleigubíl. Auka gjöld á bílaleigubíl munu því hafa áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar.
- Íslensk ferðaþjónusta reynir eftir bestu getu að vera fagleg. Hluti af því ferli er að upplýsa þá sem ætla sér að koma til landsins hvað hlutir kosta og ekki hækka þau verð eftir að pantað eða borgað er. Viðskiptavinir íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja eiga að geta treyst því að uppgæfið verð sé hið endanlega verð á vöru og þjónustu.
- Stjórnvöld þurfa því að gefa ferðaþjónustunni og fyrirtækjum almennt góðan frest þegar kemur að hækkun á sköttum og gjöldum. Annað er ekki faglegt. Nokkrar vikna fyrirvarar og breytingar á stuttum tíma er ekki faglegt og dregur úr hinu jákvæða orðspori sem íslensk ferðaþjónusta byggir á.

Undirbúningur, samráð, kynning og framkvæmd

- Mál eins og þetta hefur verið lengi í vinnslu. Bílaleigur hafa vitað af málinu í nokkurn tíma. Ráðuneytið hefur m.a. fengið bílaleigur á fundi til sín til að kynna málið. Á fundi ráðuneytisins með bílaleigum var daggjaldið, sem birtist í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins, kynnt sem kr. 670. Á samráðsgátt stjórnvalda 15. október sl. var það aftur kynnt sem kr. 670. Þegar málið var lagt fyrir Alþingi var daggjaldið orðið kr. 1.340. Í greinargerð frumvarpsins er daggjaldið m.a. ýmist sagt vera kr. 1.000 eða 1.340.
- Í kjölfarið af því að málið var kynnt á fundi og á samráðsgátt vildu bílaleigur halda viðskiptavinum sínum upplýstum um fyrirhugaðar hækkanir og kynntu fyrir þeim mögulegt daggjald, sem ráðgert var kr. 670. Tvöföldun á þegar kynntu gjaldi nú hefur því umtalsverð áhrif á rekstur bílaleigna, kostnað við ferð ferðamanna til Íslands og síðast en ekki síst á trúverðugleika Íslands í viðskiptum á erlendri grund.
- Nú á að keyra breytinguna í gegn með öllum þeim óhjákvæmilegu flækjustigum sem því fylgir. Hitinn og þunginn af þeirri óvissu sem mun skapast um næstu áramót mun að miklu leyti bitna á bílaleigum.

Daggjaldið er mikilvægt fyrir bílaleigur

- Bílaleigur selja sína þjónustu áður en afhending fer fram. Leigu- og önnur gjöld eru innheimt fyrirfram og sjálfvirknivæðing í rekstri þeirra er nýtt. Að því sögðu þá er mikilvægt að þær eigi þess kost að geta lagt á sérstakt daggjald þannig að það er fyrirfram vitað hvað þjónustan kostar og innheimt við upphaf eða áður en leigutími hefst. Leigjendur geta því skilað bifreiðum utan opnunartíma án þess að hitta nokkurn mann. Þá er, sem betur fer, nær ómögulegt að innheimta gjöld eftir á.
- Í dag er verið að innheimta km gjald af hreinorkubifreiðum og eru innheimtur af leigjendum mjög litlar, það er hægt að skipta því í tvennt. Leigjendur bifreiða í langtímaleigu greiða oftast km gjaldið en það gengur ekki vel að innheimta leigjendur af skammtímaleigunni og lendir því km gjaldið í mjög mörgum tilfellum allt á bíleigunum sjálfum.

Fjárhæð daggjaldsins

- Í frumvarpinu nú er miðað við daggjald sem miðar við um 200 km á dag. Þau gögn sem miðað er við er fengin úr rannsókn sem unnin var fyrir Vegagerðina árið 2017 og byggist sú rannsókn á könnun meðal erlendra ferðamanna árið 2016. Könnunin var tekin af erlendum ferðamönnum sem voru að keyra bílaleigubíla útá landi. Bílaleigur hafa ekki lagst í sérstaka rannsókn á því hvað bílaleigubílar eru keyrðir mikið á dag í útleigu.
- Á þeim stutta tíma sem málið hefur verið á Alþingi hafa samtökin gert óformlega könnun meðal félagsmanna sinna á fjölda km keyrðum af hálfu leigjenda bílaleigubíla. Sú könnun leiðir í ljós að fjöldi ekinna km sem miðað er við í frumvarpinu á vel við ekna km af hálfu erlendra leigjenda yfir sumarmánuðina, þ.e. fjóra mánuði ársins. Hins vegar er meðaltalið mun minna og nær helmingi minna aðra mánuði. Þá er stór munur á akstri erlendra leigjenda og innlendra leigjenda.

Skattbreyting til framtíðar

- Boðað KM gjald mun m.a. færa innheimtu af dælu yfir til bílaleigna. Þegar slíkt er gert þarf að vanda til verka. Gefa þarf bílaleigum andrými og svigrúm þegar kemur að innheimtu gjaldsins. Þess ber að geta að innheimtuferlar hjá stjórnvöldum eru ekki tilbúnir heldur einungis á vinnslustigi þó þetta kerfi hafi verið til staðar tíu mánuði. Þessi stutti tími er nefnilega alltof lítill. Samtökin vilja því leggja til að stjórnvöld fari hægt í sakirnar svo það skapist sátt og takmarka neikvæðar afleiðingar af frumvarpinu fyrir íslenska ferðaþjónustu og samkeppnishæfni áfangastaðarins Íslands. Samtökin leggja því til að fyrsta árið verði notað til að safna upplýsingum um ekna km á bílaleigubílum og skerpa á framkvæmd gagnasöfnunar þannig að til lengri tíma verði hægt að miða daggjaldið við raun akstur bílaleigubíla á ári.

Búið að greiða

- Samtökin leggja til að til að koma til móts við ábendingar um fyrirsjáanleika verði leiguvíðskipti sem eru bókuð og greidd fyrir 1. janúar 2025 undanþegnar KM gjaldi. Þetta er í samræmi við sambærilega aðgerð sem farið var í þegar gistináttaskattur var tekinn upp að nýju í lok síðasta árs og hótél bókanir gerðar fyrir 1. janúar 2024 voru undanþegnar gistináttaskatti. Enda var sölureikningur fyrir heildarverði gistingar gefinn út fyrir 1. janúar 2024. Sjá 5. gr. laga nr. 102/2023. Bílaleigur eiga ekki að þurfa að rökstyðja hækkun á þegar seldri þjónustu með vísan í skilmála og skattahækkun stjórnvalda. Leigjendur eiga að geta treyst auglýstri fjárhæð við kaup á vörunni.

Hvetja þarf til orkuskipta hjá hópbifreiðafyrirtækjum

Orkuskipti innan hópbifreiðageirans eru ekki langt á veg komin og eru afar kostnaðarsöm fyrir þau fyrirtæki sem hafa hafið þá vegferð. Hleðsluinnviðir eru takmarkaðir fyrir stærri bifreiðar og hver kílóvattsstund meira en tvöfalt dýrari en almennt gengur fyrir fólksbifreiðar. Í fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir 60% afslætti af kílómetragjaldi út árið 2027, fyrir hópbifreiðar sem ganga fyrir hreinni orku og er það að mati samtakanna of skammt gengið til að hvetja til orkuskipta. Til að hvetja hópbifreiðafyrirtæki til að huga að orkuskiptum þarf afslátturinn að vera nær 100% í a.m.k. þrjú ár og verði svo endurskoðað með góðum fyrirvara með tilliti til þeirrar stöðu sem þá verður.

Tillögur Samtaka ferðaþjónustunnar

Samtökin óska eftir að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis geri eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. gr.

Í stað 1.340 kr. í 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins kemur 670 kr.

Útskýring:

Á meðan ekki liggur fyrir raun akstur á bílaleigubílum þá skal miða við 670 kr. Fjárhæðin skal endurskoða 1. september 2025 og ný fjárhæð taka gildi frá 1. janúar 2026 eftir að raun gögn um ekna km liggur fyrir. Allar síðari breytingar á gjaldinu skuli settar með minnst tveggja ára fyrirvara.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 12. gr. ber ekki að greiða kílómetragjald vegna ekinna km á bílaleigubíl sem afhent er á árinu 2025 eða síðar enda sé leigusamningur kominn á fyrir 1. janúar 2025

Útskýring:

Leigjendur bílaleigubíla sem nú þegar hafa greitt fyrir vöruna eiga ekki að þurfa að greiða hærrí fjárhæð eftir á þó það sé lagður á nýr skattur af hálfu stjórnvalda. Fyrirmynd þessa ákvæðis er tekin úr 5. gr. laga nr. 102/2023.

3. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölulið VI. ákvæði til bráðabirgða

- c. Í stað 40% í 6. töluliðs kemur: 0%
- d. Við 6. tölulið bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Endurskoðun afsláttar mun eiga sér stað árið 2026 sem gert er ráð fyrir að gildi fyrir árin 2028, 2029 og 2030.

Útskýring:

Hreinorkuhópbifreiðar eru mjög dýrar í kaupum og rekstri og ekki er fyrirsjáanlegt að það breytist næstu 5-10 ár. Tryggja þarf hvatningu til fjárfestinga á þessum ökutækjum og mikilvægt að upphæð kílómetragjalds eða fjöldi ára sem afsláttur nær til hindri ekki orkuskipti hópbifreiða.

SAF óska eindregið eftir því að fá að koma fyrir nefndina til að koma sjónarmiðum bílaleigna betur á framfæri.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri